

Nefndasvið Alþingis  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2005  
Tilvísun: 2005040025/90.12; lagafrumvörp; reglur  
SE/BH  
07.04.2005

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál.**

Með bréfi dags. 07.04. sl. var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál, heildartillögu 2006-2015.

Tillagan er samin af stýrihóp um ferðamál sem í áttu sæti fulltrúar hinna ýmsu hagsmunaaðila og opinberra aðila sem koma að ferðaþjónustu. Fjallað er um nokkra meginþætti sem eru rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar, kynningarmál, nýsköpun og þróun, menntun, rannsóknir, grunngerð, fjölþjóðasamstarf, gæða- og öryggismál og umhverfismál.


Einn þáttur í rekstrarumhverfi ferðaþjónustu er að vinna gegn leyfislausri starfsemi og skattsvikum. Ennfremur að lágmarka eftirlit með ferðaþjónustufyrirtækjum og það einfaldað með sameiningu eftir því sem unnt er. Vafalaust er rétt að einfalda mætti leyfisveitingar t.d. með því að sami aðili, t.d. sveitarfélög eða sérstök stofnun annaðist eftirlit og leyfisveitingar til fólksflutningafyrirtækja og til leiguaksturs jafnframt veitingu annarra leyfa sem nauðsynleg kunna að vera í tengslum við ferðaþjónustu. Hins vegar má ætla að ekki fari saman þau markmið að lágmarka eftirlit og leyfisveitingar annars vegar og draga úr skattsvikum og leyfislausri starfsemi hins vegar.

Í 4. lið tillagna er lúta að grunnþáttum er snerta ferðaþjónustu er lagt til að merkingar í samgöngukerfinu verði bættar og verði á erlendum tungumálum auk íslensku. Taka má undir að ávallt má bæta merkingar, þ.á.m. merkingar á þjóðvegakerfinu. Hins vegar verður ekki fallist á að umferðarmerkingar eigi að vera á erlendum tungumálum. Að mati Vegagerðarinnar ber að stefna að því að umferðarmerki séu þannig úr garði gerð að erlendir ferðamenn skilji þau. Því markmiði verður best náð með því að fylgja alþjóðlegum stöðlum um gerð merkja.

Taka má undir þá tillögu sem fram kemur undir liðnum gæða og öryggismál í tillögunni, að tryggja aðgengileika og áreiðanleika upplýsinga um veður og ástand vega. Að því markmiði vinnur Vegagerðin m.a. með heimasíðu og með uppsetningu mælitækja á vegakerfinu.

Af hálfu Vegagerðarinnar eru ekki gerðar frekari athugasemdir við ofangreinda tillögu að þingsályktun um ferðamál.

Virðingarfyllst,



Jón Rögnvaldsson,  
vegamálastjóri